

Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir

Reykjavík 1. júní 2015
Tilvísun: FMS1505098 / 00.08.00

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, 693. mál

Ferðamálastofa fagnar frumvarpi laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir og telur afar jákvætt að slíkar stefnumótandi áætlanir landshluta taki mið af öðrum opinberum stefnum. Í því samband telur stofnunin einnig vert að horfa til aukins mikilvægis stefnumótunar og áætlunargerðar í ferðaþjónustu á landsvísu sem og á einstökum landssvæðum.

Ferðaþjónustan hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár og er nú ein stærsta atvinnugrein þjóðarinnar. Vöxtur hennar og starfsemi hafa mikil áhrif á byggðapróun, lífsgæði, hagsæld og atvinnusköpun á landinu öllu. Vert er að vekja athygli á að Ferðamálastofa gegnir lögbundnu hlutverki hvað varðar svæðisbundna þróun ferðamála, t.d. í gegnum samstarfssamninga við upplýsingamiðstöðvar landshlutanna, markaðsstofur landshlutanna og stuðning við ýmis konar þróunarverkefni á vegum ferðamálasamtaka og annarra grasrótahópa. Einnig hefur stofnunin hrint af stað ýmsum verkefnum á landsvísu s.s. kortlagningu auðlinda ferðaþjónustunnar og átaksverkefni í gæða- og öryggismálum.

Eins og áður sagði fagnar Ferðamálastofa umræddu frumvarpi en bendir um leið á mikilvægi þess að svæði móti sér stefnu hvað varðar þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu. Sú stefna þarf að innihalda forgangsröðun verkefna og mælanleg tímasett markmið sem varða m.a. gerð skipulagsáætlana, mótun staðarvitundar dreifingu ferðamanna og uppbyggingu svæða.

Virðingarfyllt,



Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri